

## Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2024, þriðjudaginn 24. september, var haldinn 52. fundur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Hvassaleitisskóla og hófst kl. 16.34. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Birkir Ingibjartsson, Friðjón R. Friðjónsson, Bjarney Kristín Ólafsdóttir, Ívar Orri Aronsson og Sigurður Lúðvík Stefánsson. Fundinn sátu einnig Arna Hrönn Aradóttir og Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Hvassaleitisskóla. MSS22090034  
Iðunn Pála Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.  
- Kl.16.59 tekur Guðrún Elísabet Ómarsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 2. júlí 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um skipulagslýsingu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Safamýri-Álftamýri (Frams væðið). USK24050280  
Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að skila umsögn fyrir tilskilinn frest þann 1. október nk.
3. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 2. júlí 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Borgarspítalareit. USK24050386  
Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að skila umsögn fyrir tilskilinn frest þann 1. október nk.
4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. september 2024, vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðar Bjarkaráss að Stjörnugróf 9. USK24060316
5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. september 2024, vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 13A við Ármúla. USK24020149
6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 3. september 2024, með útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs vegna samþykktar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Síðumúla 2-6 vegna lóðarinnar nr. 6 við Síðumúla. SN220763
7. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034  
- Kl. 17.53 vikur Bjarney Kristín Ólafsdóttir af fundi.
8. Lögð fram greinargerð Foreldrafélags Breiðagerðisskóla, dags. 22. ágúst 2024, vegna styrks úr Hverfissjóði 2023, fyrir verkefnið Sumar og sól í hverjum tón. MSS23030157
9. Lögð fram greinargerð Foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 1. september 2024, vegna styrks úr Hverfissjóði 2023, fyrir verkefnið Litahlaup Réttarholtsskóla. MSS23030157

### Fundi slitið kl. 18.00

Birkir Ingibjartsson

Sigurður Lúðvík Stefánsson  
Friðjón R. Friðjónsson

Ívar Orri Aronsson  
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir